

54

17. febr.

VIÐAUKI

við úthlutunarreglur STEFs — Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar —
um úthlutun á tekjum af flutningi tónverka.

Hafi tónverk verið flutt í fyrsta skipti og án þess að verkið hafi nokkurs staðar verið flutt opinberlega áður, þá skal fyrir þann flutning úthluta til höfundar verksins og rétt hafa þess því gjaldi þreföldu, sem ella skal úthluta samkvæmt úthlutunarreglum STEFs.

Með tilvisun til löggildingarbréfs STEFs, dags. 2. febr. 1949, staðfestast ofangreindar úthlutunarreglur hér með.

Menntamálaráðuneytið, 17. febrúar 1957.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

55

18. marz

REGLUR

um gjald fyrir heimavinnu við leiðrétting stíla.

1. gr.

Heimilt er að greiða hverjum stundakennara fyrir heimavinnu við leiðrétting stíla, er verða umfram 80 á mánuði að jafnaði, eins og hér segir:

- a) 1,20 kr. fyrir hvern stíl í íslenzku.
- b) 0,80 kr. fyrir hvern stíl í erlendum málum, svo og hverja stærðfræði- og eðlisfræðiúrlausn í menntaskólum (lærdómsdeild).
- c) 0,60 kr. fyrir úrlausn hvers nemanda í reikningi og stærðfræði í gagnfræðaskólum.

Auk þess greiðist full verðlagsuppbót.

Tala stíltíma í hverri námsgrein skal ákveðin með samþykki skólastjóra.

Stíll tákna hér skriflegt verkefni, sem unnið er heima og svarar til a. m. k. kennslustundarvinnu nemanda, eða skriflegt verkefni, sem leyst er af hendi í heilli kennslustund.

2. gr.

Greiðsla samkvæmt 1. gr. nær einnig til fastra kennara, að svo miklu leyti sem þeir njóta eigi stundafrádráttar.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 16. gr. laga nr. 58 1946, um menntaskóla, 38. gr. laga nr. 48 1946, um gagnfræðanám, og 11. gr. laga nr. 16 1947, um menntun kennara, skulu gilda frá 1. janúar 1956. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni frá 20. febrúar 1948.

Menntamálaráðuneytið, 18. marz 1957.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.